

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2022/992

2023/EES/40/32

frá 8. júní 2022

## um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1628 að því er varðar rýmkun valdheimildar framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja framseldar gerðir (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 (3) er mælt fyrir um grundvallarákvæði um losun mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu fyrir brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, og heimilar reglugerðin framkvæmdastjórninni að mæla fyrir um tilteknar ítarlegar tækniforskriftir í framseldum gerðum. Með 2. mgr. 55. gr. þeirrar reglugerðar er framkvæmdastjórninni falið vald sem takmarkast við fimm ára tímabil. Það tímabil rann út 6. október 2021. Þörf er á að uppfæra sumar þessara framseldu gerða til að taka til greina tækniframfarir og innleiða aðrar breytingar í samræmi við valdheimildina, þ.m.t. í tengslum við framselda gerð þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi vöktun brunahreyfla í notkun sem settir eru upp í færanlegum vélbúnaði til nota utan vega. Einnig ætti að vera mögulegt að samþykkja nýjar framseldar gerðir í samræmi við valdheimildina. Því ætti að rýmka valdheimild framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja framseldar gerðir og kveða ætti á um möguleika á frekari rýmkun.
- 2) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2016/1628 til samræmis við það.
- 3) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna áhrifa þess, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálgæðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1628 kemur eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 19. gr. (2. mgr.), 24. gr. (11. mgr.), 25. gr. (4. mgr.), 26. gr. (6. mgr.), 34. gr. (9. mgr.), 42. gr. (4. mgr.), 43. gr. (5. mgr.) og 48. gr., í 10 ár frá og með 6. október 2016. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en 6. janúar 2026 og nú mánuðum fyrir lok hvers fimm ára tímabils eftir það. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um fimm ár nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 169, 27.6.2022, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Álit frá 18. maí 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 19. maí 2022 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 2. júní 2022.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtfð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 8. júní 2022.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

R. METSOLA

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. BEAUNE

*forseti.*

---